

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, Grundartangi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 9. janúar 2015 breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þann 4. desember 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 30. desember 2014.

Í breytingunni felst að iðnaðarsvæði á Grundartanga stækkar um 48,1 ha en athafnasvæði minnkar um 82,5 ha og hafnir minnka um 8,2 ha. Opín svæði við strönd, tjörn og á stækka um 37,1 ha og Katanestjörn stækkar um 5,5 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 9. janúar 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.